

Kristinn Sigmundsson
Umsögn vegna frumvarps um Sviðslistir(Þjóðaróperu)

Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við frumvarp um Þjóðaróperu.

Ég hef haft óperusöng að aðalstarfi í rúm 40 ár. Ég kynntist snemma óperustarfsemi í ýmsum borgum Þýskalands, þar sem sviðslistir (ópera, talað leikhús, ballett og sífóníuhljómsveit) eru sameinaðar í einni stofnun (Stadttheater). Þau kynni sannfærðu mig um að slíkt samstarf væri það skynsamlegasta fyrir óperu á Íslandi.

Ópera er leikhús með tónlist. Allt það sem ópera þarfnast umfram tónlistina, getur Þjóðleikhúsið útvegað með alla sína reynslu og verkunnáttu: Saumastofu búningadeildar, smíðaverkstæði leikmyndadeildar, skrifstofur, markaðsdeild, launadeild osfrv. Við þessa samnýtingu sparast mjög mikill kostnaður.

Íslenska Óperan á að baki merka sögu. Ég er einn af stofnfélögum hennar og söng í mörgum sýningum hennar. Ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í starfsemi hennar. Hún hefur nú gengið sitt skeið á enda, sem eignalaus sjálfseignarstofnun. Þess vegna er knýjandi nauðsyn að búa svo um hnútana að óperulistinni verði búin varanleg starfsaðastaða. Með stofnun Þjóðaróperu verður það gert á hagkvæman og skynsamlegan hátt.

Ég veit að mikill meirihluti íslenskra söngvara er hlynntur Þjóðaróperunni og vona að Alþingi geri þetta frumvarp að lögum.

San Francisco 5. maí 2024
Kristinn Sigmundsson